

Aukið álag getur tafið meðferð

● Barnahús leggur mesta áherslu á skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis

Kristján Jónsson
kjon@mbl.is

Forstjóri Barnaverndarstofu, Bragi Guðbrandsson, segir að þrátt fyrir stóruukið álag á starfsmenn Barnahúss sé enn unnt að sinna hratt skýrslutökum fyrir dómstóla. Hins vegar sé hætt við að önnur verkefni, einkum meðferðarviðtöl við börn, tefjist. Fjórir sérfræðingar vinna hjá Barnahúsi auk ritara og sinnir stofnunin öllu landinu.

Tæplega þreföldun varð á málum sem bárust Barnahúsi í janúarmánuði. Á vef Barnaverndarstofu kemur fram að Barnahús fékk til sín eða var þegar með 51 mál til meðferðar í janúarmánuði. Af þeim eru 19 mál í bið eftir úrvinnslu. Allt árið í fyrra bárust Barnahúsi hins vegar 279 mál eða að meðaltali 23 mál í mánuði.

Helstu verkefni Barnahúss eru að sögn Braga annars vegar rannsóknarviðtöl við börn sem hafa greint frá kynferðisofbeldi eða börn sem ástæða þykir að ræða við vegna gruns um slíkt ofbeldi. Hins vegar er um að ræða greiningu og meðferð umræddra barna og ráðgjöf til handa foreldrunum, einnig þarf að tryggja lækningaskoðun.

„Við ráðum ekki við þetta svo vel sé, það lætur alltaf eitthvað undan þegar svona áhlaup verða á okkar þjónustu,“ segir Bragi. „Við þessar aðstæður höfum við orðið að setja



Bragi Guðbrandsson

skýrslutökur fyrir dómi í algeran forgang, þær eru hluti af rannsóknarviðtölum við börnin. Í þeim tilvikum beinist grunur að tilteknum geranda og því mikilvægt að lögreglurannsókn

geti hafist sem fyrst. Engin töf verður á slíkum rannsóknum.

Slæmt að þurfa að fresta

En svo önnumst við líka könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir í málum á svoltið gráu svæði, t.d. þegar ekki liggur fyrir skýr framburður frá barninu. Við gætum þurft að bíða aðeins lengur með þessi viðtöl en það sem augljóslega mun verða fyrir truflunum eru meðferðarviðtöl, þar hefur þurft að seinka meðferð. Stundum er um að ræða börn sem hafa verið lengi í meðferð og þetta er mjög slæmt því að fyrir þau er mikilvægt að fá áfram sína föstu meðferðartíma.“

Bragi segir að þegar Barnahús tók til starfa 1998 hafi hann aðspurður sagt að stofnunin gæti annast um 50 mál á ári og því ljóst að sá rammi væri löngu sprunginn. Einnig þyrfti heppilegra húsnæði til að tryggja trúnað við skjólstæðinga, bæði börn og aðstandendur þeirra.